Kópavogur

Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 13. nóvember 2026
26111504/501.02 FS

Minnisblað: Dalvegur 1. Breyting á aðal- og deiliskipulagi.

Umsagnir sem bárust við skipulags- og matslýsingu á kynningartíma.
Skipulagsgátt málsnr. 1134/2026 og 1135/2026

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 21. september 2026 var samþykkt með vísan til 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að kynna skipulags- og matslýsingu dags. 17. september 2026. Var hún í kynningu frá 22. október til 10. nóvember 2026 í Skipulagsgátt, mál nr. 1134/2026 og 1135/2026. Alls bárust 19 umsagnir/athugasemdir frá 11 aðilum.

Eftirfarandi er samantekt á innihaldi umsagna sem bárust fyrir mál nr. 1134/2026 og 1135/2026 í Skipulagsgáttinni.

Helstu efnisatriði og afstaða umsagnaraðila:

- **Almenn afstaða:** Flestir umsagnaraðilar gera ekki efnislegar athugasemdir við skipulagslýsinguna eða tillöguna á þessu stigi málsins. Þeir áskilja sér þó rétt til að koma með athugasemdir síðar í ferlinu og leggja áherslu á gott samráð á öllum stigum skipulags- og framkvæmda.
- **Samgöngustofa:** Gera ekki efnislegar athugasemdir en minna á mikilvægi samgönguöryggis í öllu skipulagi, hönnun og gerð umferðarmannvirkja. Einnig er bent á að taka beri mið af ákvæðum laga um loftferðir og vitamál ef það á við.
- **Náttúruverndarstofnun:** Gera ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna á þessu stigi málsins.
- **Náttúrufræðistofnun:** Gera ekki athugasemdir.
- **Míla:** Gera engar athugasemdir en óska eftir að haft verði samband við þá tímanlega áður en til framkvæmda kemur.
- **Veitur:** Gera engar athugasemdir en leggja áherslu á gott samráð á öllum stigum skipulags- og framkvæmda.
- **Heilbrigðiseftirlit:** Fagnar áherslum á tengingu við náttúru og útivist, hljóðvarnir og blágrænar ofanvatnslausnir. Benda á mikilvægi þess að hugað verði að mengun í jarðvegi og að tekið verði tillit til ástands Kópavogslækjar. Áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir síðar.
- **Landssamtök hjólareiðamanna (LHM):** Leggja áherslu á að tryggt verði rými fyrir samfelldan samgönguhjólastíg frá Breidd í austri og Kópavogshafnar í

vestri. Þau leggja áherslu á að skoðaðir verði tveir möguleikar á legu hjólastígs, annars vegar um Kópavogsdal og hins vegar meðfram Dalvegi. LHM hvetur til þess að lóðarmörk, byggingarreitir og aðkomur við Dalveg 1 taki mið af rýmisþörf stígsins. Samtökin leggja áherslu á að fylgt verði viðeigandi hönnunarleiðbeiningum og að Kópavogsbær klári að móta hjólreiðaáætlun bæjarins.

- **Garðabær:** Gera ekki athugasemd við framlagða skipulags- og matslýsingu en áskilja sér rétt til að gera athugasemdir síðar.
- **Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins (ASHB):** Leggja áherslu á greiðar, öruggar og aðgengilegar tengingar við næstu stöðvar almenningssamgangna. Gera að öðru leyti ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna á þessu stigi.

Stutt heildarsamantekt: Almennt gera umsagnaraðilar ekki efnislegar athugasemdir við framlagða skipulags- og matslýsingu vegna Dalvegar 1 á þessu stigi málsins. Helstu ábendingar snúa að umferðaröryggi, aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda, tengingum við almenningssamgöngur og samráði við viðeigandi aðila á síðari stigum skipulags- og framkvæmdaferlisins.

Yfirlit umsagnaraðila:

Nr.	Umsagnaraðili	Aðalskipulag	Deiliskipulag
1	Veðurstofa Íslands	X	X
2	Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins	X	X
3	Minjastofnun Íslands	X	X
4	Náttúrufræðistofnun	X	X
5	Náttúruverndarstofnun	X	X
6	Garðabær	X	
7	Míla	X	X
8	Samgöngustofa	X	X
9	Landssamtök hjólreiðamanna	X	X
10	Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness	X	
11	Veitur		X

Rafræn skilríki

Undirritað af: Freyr Snorrason

Tími: 13.11.2026 12:12
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign